

AUGLÝSING

um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum.

Á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara tilkynnir Byggðastofnun að flutningsjöfnunargjald á neðangreindum olíuvörum verður sem hér segir frá og með 1. janúar 2020 og gildir gjaldið þar til annað verður ákveðið:

| | |
|-------------------------------------|------------------|
| Bifreiðabensín | 0,50 kr. á lítra |
| Gasolía | 0,75 kr. á lítra |
| Aðrar olíur og blöndur til brennslu | 0,05 kr. á kg |
| Flugsteinolía (þotueldsneyti) | 0,15 kr. á lítra |
| Flugvélabensín | 0,10 kr. á lítra |

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara skulu dreifingaraðilar samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttekið magn. Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins.

Auglýsing þessi kemur í stað auglýsingar nr. 1189/2018.

Byggðastofnun, 18. desember 2019.

Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri.

Arnar Már Elíasson,
formaður stjórnar
Flutningsjöfnunar-
sjóðs olíuvara.